



Pési

Næsti Pési kemur út í maí 2017. Efni þarf að berast í síðasta lagi **5 maí** 2017.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Minum á breyttan opnunartíma í sumar.

Bókasafnið er opið í apríl:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga **LOKAÐ**


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Gegnir

Með óskum um gleðilega páska fylgja nokkrir málsættir um bækur.

Blindur er bóklaus maður.

Fyrir mörgu gerir bókin ráð.

Allir eru á eina bókina lærdir.

Ekki verður bókvitið í askana látið.

Bók er best vina.

Betra er berfættum en bókarlausum að vera.

- Vinsamlegast athugið -
Miðvikudaginn 12. apríl
verður bókasafnið lokað.



leitir.is



Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

LOKAÐ á föstudaginn langa og páskadag

Opið á skírdag og annan í páskum frá 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30. Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

LOKAÐ: skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum. Opið laugardaginn 15 apríl frá 13:00-15:00

Gleðilega páskehátíð!

apríl 2017
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.
314.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er apríl runninn upp og það er vor í lofti. Þó veturinn sé aldrei búinn fyrr en hann er búinn fer að verða næsta víst að við höfum upplifað merkilega hluti í veðursögu Íslands. Það hefur haft þau áhrif að sveitarfélagið hefur getað verið í jarðvinnu í mars í frostlausri jörð en það höfum við ekki upplifað áður. Nánar tiltekið þá er búið að svera upp kaldvatnsstofn að Hvammi, m.a. til að geta þjónustað Gömlu laugina betur, og síðan í framhaldinu er verið að tengja Grafarbakka- og Reykjabakkabæina við kaldvatnsveitu sveitarfélagsins. Í leiðinni er verið að setja niður ídráttarrör vegna ljósleiðara til að undirbúa okkur fyrir ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins. Ýmislegt bendir til þess að sveitarfélagið þurfi sjálft að sjá um lagningu ljósleiðara í dreifbýlinu og þarf því að fara að klára hönnun og gera klárt í að bjóða út lagnavinnu. Þetta er allt mjög spennandi verkefni.

Nú er búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2016 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu. Ársreikningurinn ber merki þess að það er mikill uppgangur á Íslandi. Sveitarfélagið er rekið með góðum afgangi en þar munar mest um að auknar tekjur komu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna aukna tekna ríkisins. Þá hefur lág verðbólga og hagstæður gengismunur jákvæð áhrif á rekstartölur. Við erum því þökkalega búin undir miklar framkvæmdir á árinu en þar ber hæst lagningu ljósleiðara og endurnýjun á götu og lögnum í Akurgerðinu.

Búið er að bjóða framkvæmdir út í Akurgerðinu og væntanlega geta framkvæmdir þess vegna hafist nú í apríl. Loksins er búið að sjá fyrir endann á því að haldið verði áfram með að byggja upp Langholtsveginn en Vegagerðin er búin að bjóða verkið út og bauð Þjótandi ehf lægst og var lægsta tilboð á kostnaðaráætlun. Lagt er með að vegurinn verði byggður upp þar sem bundið slitlag endar við Mela og nái fram fyrir sumarhúshverfið í Ásatúni. Á frekar von á að fáir sakni holanna í veginum á þeirri leið en þeir sem vilja kvarta yfir því að holurnar hverfi eru vinsamlegast beðnir að beina þeim til Vegagerðarinnar!

Helsta vandamál okkur í samfélaginu núna er að mínu mati er íbúðarskortur í sveitarfélaginu. Vonandi styttest í að það verði farið að byggja fleiri íbúðir, t.d. á Flúðum, og mér sýnist að ýmislegt spennandi sé í þípunum varðandi þau mál. Hins vegar er staðreyndin sú að bygging íbúða tekur tíma og á meðan er töluvert af fólki á hrakhólum með húsnæði. Sveitarfélagið á nokkuð af íbúðum sem eru í sérstökum afnotum til að mæta brýnustu þörfum okkar í starfsmannamálum, málefnum eldri borgara og nú í litlu mæli málefnum fatlaða og öryrkja. Það er því grátlegt að sjá að mikið af íbúðarhúsnæði sem gæti mætt þessum þörfum er tekið undir ferðabjónustu. Það er svo sem gott og gilt ef framboð væri nóg af leiguhúsnæði en þetta hefur þær afleiðingar að í íbúðarskortu á fólki afar erfitt að fá sér leiguhúsnæði. Sveitarfélagið mun ekki veita rekstarleyfi fyrir gistibjónustu þar sem skipulögð íbúðabygging er í þéttbýlinu á Flúðum en hins vegar getum við ekki komið í veg fyrir 90 daga regluna svokallaða. Ég vil því höfða til samfélagslegrar ábyrgðar þeirra aðila sem eiga íbúðir en leigja þær undir ferðabjónustu í stað einstaklinga að horfa á heildarmyndina sérstaklega þar til fleiri íbúðir verða byggðar. Það kann að vera að útleiga til ferðamanna skili eilítið fleiri krónum í kassann en viljum við að í staðinn hrökklist ungt fólk úr sveitinni þar sem ekkert íbúðarhúsnæði er til leigu fyrir það. Búið er að ákveða rusladaginn í Hrunamannahreppi og verður hann föstudaginn 12. maí n.k. Fyrirkomulagið verður væntanlega svipað og í fyrra þannig að unnið verður með skólunum fyrir hádegi og eftir hádegi tekur gamli góði rusladagurinn við. Vil ég hvetja íbúa og fyrirtæki eindregið til að taka þátt í þessu frábæra framtaki. Varðandi úrgangsmálin er það að segja að það er komin upp gríðarlega alvarleg staða varðandi móttöku á úrgangi frá okkur. SORPA vill ekki gera lengri samning en út apríl við Sorpstöð Suðurlands (SOS) um móttöku á úrgangi sem setur allt samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í algert uppnám. Okkur sviður það því á vettvangi SOS erum við einmitt núna að reyna að greina málið og vonandi finna einhverjar lausnir en við þurfum lengri tíma til þess. Málinu hefur reyndar verið vísað til einendahóps SORPU og vonandi kemur eitthvað út úr því en ef menn halda að sveitarfélögin á Suðurlandi taki þessu þegjandi þá er það mikill misskilningur. Samstarf nær nefnilega í báðar áttir.

Eitt skemmtilegt verkefni er núna í gangi hjá sveitarfélaginu sem er að koma upp fjórum upplýsingarskiltum við fjórar aðkomuleiðir inn á Flúði. Ferðaþjónustan hefur kallað eftir betri upplýsingum og leiðbeiningum fyrir ferðamenn og vonandi bætur þetta úr. Vegagerðin kemur að málinu og þá ætla Límtré Vírnet að gefa okkur ramma utan um skiltin. Síðan er hugmyndin að stærri ferðaþjónustuaðilar gætu komið að verkefninu með sérmerkingum.

Undanfarið hefur mikið verið í gangi í menningarstarfinu. Töfraflautan var flutt í félagsheimilinu, karlakór Hreppamann hélt afmælistónleika í íþróttahúsinu, Guðni Agústsson og Jóhannes eftirherma fylltu félagsheimilið og hún Unnur á Kópsvatni hélt listasýningu á Kaffi Seli. Þetta sýnir hvað mikið er í gangi hjá okkur og það var t.d. mjög gaman að sjá hvernig íþróttahúsið kom út fyrir tónleika. Teppaflísarnar komu vel út til að verja parketið og við sjáum ekki fram á annað en íþróttahúsið geti í komandi framtíð geti hýst stórviðburði.

Þá er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 5 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar Einnig vil ég minna foreldra barna á aldrinum 6-16 ára að skoða hvort þeir eigi ekki rétt á að sækja um hvatarstyrki til sveitarfélagsins en frestur til að sækja um þá er til 1. maí nk. Sveitarfélagið hefur nú til skoðunar hvort rétt sé að hækka hvatargreiðslur til að auka stuðning við barnafjölskyldur og vonandi kemur eitthvað jákvætt út úr því. Upplýsingar og umsóknareyðublað er hægt að nálgast inn á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is. Á heimsíðu sveitarfélagsins er einnig nú hægt að komast inn á netkönnun sem KPMG er að gera vegna sviðsmyndargreiningar út af vinnu við að kanna kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu. Vil ég hvetja alla íbúa til að taka þátt í þessi könnun.

Að lokum vil ég hvetja menn að huga að umhverfi sínu, klippa tré og runna, og huga almennt að tiltekt þegar við erum að koma undan vetri. Þá bendi ég fólki á að mikið af kurli er á gámasvæðinu á Flúðum sem fólki er heimilt að ganga í án endurgjalds. Munum að umhverfi okkar er andlit sveitarinnar.

Megum við eiga gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

í Reiðhöllinni á Flúðum

SMÁRI



8. apríl **Barna flokkur - smári**
10:00 **Unglinga flokkur – smári og skeið**

Frítt inn – Allir velkomnir



Staðan eftir annað mót

Barna flokkur

1	Pórey Þula Helgadóttir	Smári	40
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	33
3	Freya Linda Andrea Mattsson	Smári	31
4	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	16
5-6	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	14
5-6	Hjótur Snaer Halldórsson	Smári	14
7	Fjölín Þór Morthens	Logi	10
8	Dagmar Sif Morthens	Logi	9,5
9	Tristan Máni Morthens	Logi	4,5

Unglinga flokkur

1	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	40
2	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	34
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	32
4	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	22
5	Sólvi Freyr Freydisarson	Logi	7

Smári

Logi



Nesey ehf



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Veitandi ehf pípulagnaþjónusta

Brekkuhestar



Styrktaraðilum Uppsveitadeildar Æskunnar er þakkaður stuðningurinn

S.S. Fréttir.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, var haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð, þann 17 mars sl.

Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannahreppi voru: Bjarni Valur Skippholti, Eiríkur Grafarbakka, Esther Sólheimum , auk þess var deildarstjóri með í för. Á þessu ári, 2017, er félagið 110 ára. Vert er að geta þess, að heildarrekstur S.S. á sl. ár, hefur ekki verið betri í sögu þess. En ekki er allt sem sýnist, og ýmsar blikur á lofti, t.d. hvað varðar sölu afurða, einkum kindakjöts. Eins og áður, vil ég benda fólki á að allar nánari fréttir, og einnig ársskýrsluna má sjá og lesa á heimasíðu S.S.

Undirrituð flutti eftirfarandi ávarp á áður nefndum aðalfundi S.S:

Fundarstjóri, kærur vinir.

Efst í mínum huga nú, er sú staðreynd að félagið okkar hefur náð 110 ára aldri. Hugsíð ykkur dugnað og framsýni þeirra, sem það stofnuðu, greinilega ekki verið byggt á sandi, eins og segir í góðri bók, heldur á bjargi, sem mátt hefur þola mismikla ágjöf, í gegn um tíðina, og þó að sorfið hafi úr á stundum, hefur grunnurinn aldrei gefið sig. Eins og áður segir, m.a. um S.S. „...byggi á hugsjónum um jöfnuð og samvinnu...“. Á tímamótum , sem þessum er oftast en ekki staldrað við, og bæði litið til baka og framtíðinni velt upp huganum. Við getum t.d. spurt okkur. Hvað höfum við gert fyrir félagið okkar, og hvað ætlum við að gera, á komandi tímum, já og hvað getur félagið gert fyrir okkur. Mér koma í hug tvö orð, sem ég kys að kalla systur orð. Þau gætu hjálpað okkur við , að vinna saman að góðum málum, félaginu og öllum til góðs. Þetta eru þær „viðskiptatryggð og viðskiptavild“ .Með **tryggðinni** við félagið verður það öflugra, og betur í stakk búið til að veita okkur **vildina**. Að sjálfsgöðu er persónufrelsi hvers og eins, til orðs og æðis, hans einkamál. Minni þó á, að ofmetið frelsi getur leitt af sér fjötra. Höfum það í huga.

Að endingu þakka ég öllu starfsfólki Sláturfélags Suðurlands, félagsmönnum og tryggum viðskiptavinum fyrr og síðar, fyrir allt og allt til handa félaginu, og að við getum fagnað þessum tímamótum með gleði og stolti.

Gott fólk. Hafid það sem best í leik og starfi.

Takk fyrir mig.

Með kærri kveðju. Jóhanna Hrafnkelsstöðum



TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða
og Gnúpverjær.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Íbúð til leigu í Heimalandi.

Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara,
í Heimalandi á Flúðum.

Skoðað verður með tímabundna almenna útleigu ef ekki
berast umsóknir fyrir 21. apríl nk.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu

Hrunamannahrepps í síma 480 6600

eða á netfang: hruni@fludir.is



Samkaup strax

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 10:00–18:00

Sími: 486 6633



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til
okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvi-
tækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og
skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi
við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á
heimasíðu B.A. www.babubabu.is
eða í síma 4-800-900.

Aðalfundur Björgunarfélags Eyvindar verður haldinn 30. apríl
kl 20:00 í húsnæði félagsins. Nánar auglýst síðar.

Stjórnin

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Verð ekki við næstu miðvikudaga.

Mun auglýsa þegar ég kem aftur til starfa.

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Upplit

Menningarklasi uppveita Arnessýslu

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotiðind frá landnámi

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP

Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Fréttir frá björgunarfélaginu Eyvindi

Helgina 1.og 2. Apríl hélt björgunarfélagið Eyvindur björgunarsveitarnámskeið fyrir krakka á aldrinum 9 til 13 ára úr Þjórsárskóla og Flúðaskóla. Mjög góð mæting var á námskeiðið og mættu 29 krakkar og eyddu helginni við lærdóm og leiki í björgunarsveitarhúsinu. Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjarhreppur og SS styrktu verkefnið um mat og lokagjöf sem var lítil sjúkrataska. Við viljum þakka þessum aðilum kærlega fyrir góða styrki. Einnig viljum við þakka krökkunum fyrir frábæra helgi og hlökkum til að fá þau til starfa með okkur í björgunarsveitarverkefni í framtíðinni..
Fyrir hönd Eyvindar Meike og Halldóra.





Íþróttahúsið gert klárt fyrir afmælistónleika
Karlakórs Hreppamanna 1. apríl




Byggingalóðir Lausar til umsóknar

Sveitarfélagið Hrunamannahreppur auglýsir
til úthlutunar eftirtaldar lóðir á Flúðum

Lausar íbúðarlóðir:

Túngata 5, 7 og 9, einbýli.



Smíðjustígur 11a, 11b, 11c, 11d og 11e. raðhúsalóð.




Lóðunum er úthlutað skv. úthlutunarreglum fyrir Flúðir sem er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is. Umsóknareyðublöð fyrir byggingarlóðir á Flúðum er hægt að fá á skrifstofu Hrunamannahrepps eða heimasíðu sveitarfélagsins. Öllum umsóknum skal skilað til skrifstofu sveitarfélagsins að Akurgerði 6, 845 Flúðum.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-6600 eða í netfang hruni@fludir.is.



HRUNAPRESTAKALL



Frá sóknarpresti

Það voru 115 manns sem mættu í messu unga fólksins í Hrunakirkju 12. mars sl. Ungu fólkid okkar annaðist messuna frá upphafi til enda sem var hin eftirminnilegasta í alla staði. Undirleikarar frá Tónlistarskólanum og söngvarar úr Tónsmiðjunni önnuðust tónlistarflutning af stakri snilld, tíundu bekkingar frumsýndu stórskemmtilega stuttmynd um „Týnda soninn“ og nokkur úr þeirra röðum stigu í stólinn og fluttu afbragðsgóðar tölur fyrir viðstadda. Fermingarbörn lásu bænir. Hringjarar voru fjórir talsins og allir úr 10. bekk. Ég vil nota tækifærið hér og þakka Katrínu Guðjónsdóttur umsjónarkennara í 10. bekk og Stefáni Þorleifssyni úr Tónsmiðjunni fyrir þeirra ómetanlega þátt í undirbúningnum fyrir messuna. Einnig var ánægjuleg messa í Hruna 26. mars sl. þegar Kirkjukór Stóra-Núps- og Ólafsvallasókna kom í messuheimsókn ásamt organista. Þessi messuskipti kóranna tveggja í prestakallinu, sem reynt er að hafa einu sinni á misseri, hafa mælst vel fyrir. Gleði og gestrisni eru aðalsmerki þessara vinafunda.

Fyrstu fermingar vorsins verða í Ólafsvallakirkju á sumardaginn fyrsta, 20. apríl, en þá fermast tvö börn. Hin tíu úr hópnunum fermast síðan á hvítasunnu, 4. júní, í Hrepphólakirkju og Hrunakirkju.

Framundan er hefðbundið helgihald um páska:

14. apríl – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju frá kl. 13 til 17. Fjölskyldur fermingarbarna og fulltrúar eldri borgara verða meðal fjölmargra lesara í ár. Kaffiveitingar í safnaðarheimili á meðan á lestri stendur.

16. apríl – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og morgunkaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Hátíðarmessa í Hrepphólakirkju kl. 11 og hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 14.

Að lokum minni ég á heimasíðu Hrunaprestakalls, hruni.is, og fésbókarsíðuna facebook.com/hrunaprestakall!

Sjáumst í kirkjunni!

Óskar Hafsteinn Óskarsson



Ágætu íbúar Hrunamannahrepps

Nú stendur yfir könnun á kostum og göllum mögulegrar sameiningar allra sveitarfélaganna í Árnessýslu. Það er gert með sviðsmyndavinnu þar sem leitast er við að horfa til framtíðar og rýna hvernig samfélag íbúa og atvinnulífs í Árnessýslu geti þróast í framtíðinni og ekki síður með tilliti til þeirra skyldna og krafna sem gerðar verða til sveitarfélaga.

Í þessu vinnuferli er mikið lagt upp úr samtali við íbúa til að greina helstu drifkrafta í starfsumhverfi sveitarfélaganna og móta í kjölfarið ólíkar (yfirleitt 3-4) sviðsmyndir um hugsanlega þróun, bæði með og án sameiningar. Sjónarmið íbúa sveitarfélaganna skipta miklu máli við gerð þessarar greiningar og því eru íbúar hvattir til þess að taka þátt í skoðanakönnun um málefnið (tekur 7-10 mínútur).

Könnunin er nafnlaus og er ekki hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. **Hægt er að nálgast linkinn á heimasíðu Hrunamannahrepps fludir.is**

<http://arnessysla-ibuar.questionpro.com/>

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna átta hvetja alla íbúa til þess að taka virkan þátt í þessu verkefni með því að svara þessari könnun.

Á næstu misserum verður boðað til íbúafunda þar sem farið verður nánar út í þá þætti sem skipta íbúa mestu máli til framtíðar. Nánar auglýst síðar.

Könnunin er opin til 11. apríl 2017.

Með von um góða þátttöku,

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps

Jón Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 12. júní til og með 14. júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir

á árunum 2001–2003.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 12. maí

á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang hruni@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600

eða á netfang: hruni@fludir.is



© Carl Beak Photos - epd/SH/181

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Við viljum minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins, í vor er von á nýrri ruddasláttuvél. Rétt er að minna á að ef tækjum er skilað óhreinum er innheimt 15.000 kr. hreinsunargjald. Sérstaklega er áriðandi að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli. Tækin eru staðsett í Birtingaholti 1, Auðsholti og Bryðjuholti, Benedikt og Bogi Pétur sjá um tækin og eiga pantanir að berast til þeirra. Hestakerrur eru staðsettar í Birtingaholti. Á síðasta aðalfundi gekk Aðalsteinn úr stjórn og var Benedikt kosinn í hans stað.

Ýtan er í umsjón Grétars Skúlasonar og eiga pantanir berast til hans í síma 894-7208.

Nánari upplýsingar eru hjá Benedikt í síma 861-1907, Boga Pétri í síma 867-1600 og Þórunni í síma 860-1329.

Verðskrá Búnaðarfélags Hrunamanna 2017

5% afsl

(Skuldausir félagsmenn fá 5% afslátt nema af útseldri vinnu)


Tæki	Verð	Eining	Athugasemdir	
Ýta (án manns)	9.500	klst		9.025
Maður á ýtu	3.700	klst		
Komugjald innansveitar ýta	8.400			7.980
Kornskurðarvél m/manni	19.500	klst		18.525
Komugjald kornskurðarvél	13.500			12.825
Kornvals	3.200	klst		3.040
Kornsuga	1.500	á tonn		1.425
Pinnatætari	2.500	klst		2.375
Hnífatætari	2.500	klst		2.375
Plógar 5 skeri	2.500	klst		2.375
Plógar 3 skeri	2.000	klst		1.900
Steypuvél	3.200	start		3.040
Steypuvél pokagjald	55	poki		52
Loftunarrípper	3.200	á dag		3.040
Loftpressa	3.200	á dag		3.040
Kalkdreifari	530	á tonn		504
Áburðardreifari	1.500	á tonn		1.425
Haugsuga 2500 0-20 tímar	3.100	klst		2.945
Haugsuga 2500 21-	2.500	klst		2.375
Haugsuga 3300 0-20 tímar	3.600	klst		3.420
Haugsuga 3300 21-	3.000	klst		2.850
Taðdreifari 0-20	3.100	klst		2.945
Taðdreifari 21	2.500	klst		2.375
Flaghefill	1.100	klst		1.045
Sturtukerra 0-20 tímar	2.100	klst		1.995
Sturtukerra 21-	1.700	klst		1.615
Flatvagn 0-10 tímar	2.100	klst		1.995
Flatvagn 11-	1.700	klst		1.615
Valtari	2.500	klst		2.375
Diskaherfi	2.400	klst		2.280
Fjaðraherfi	2.800	klst		2.660
Hestakerra stór innansveitar	6.000	á dag		5.700



Hestakerra stór utansveitar	11.000	á dag	Afréttur utansveitargjald	10.450
Hestakerra minni innansv.	5.000	á dag		4.750
Hestakerra minni utansv.	9.500			9.025
Hreinsunargjald	15.000			14.250
Flutningsgjald ýta utansveitar	-	kr/km	Samið sérstaklega	-



Á aðalfundi UMFH var Ragnheiður Guðjónsdóttir kjörin íþróttamaður ársins 2016. Innilegar hamingjuóskir .



Er ekki vorið að koma?

Mineraleimer

Alhliða steinefnafata fyrir nautgripi og hross

Kr. 5.780



Phosphoreimer

Steinefnafata fyrir geldkýr og hross

Kr. 6.610



Universalschale

Steinefnafata fyrir sauðfé og hross

Kr. 3.805



Saltsteinn Natur - 10 kg

Kr. 995



Saltsteinn Plus - 10 kg

Með Selen, jóði, mangan o.fl

Kr. 1.335



Uniblock

Alhliða steinefnablokk fyrir sauðfé, nautgripi og hross

Kr. 2.410



Vitablock

Alhliða vítamínblokk

Kr. 2.815



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L
Kr. 2.399



6 túttu 8 L
Kr. 2.877



Vinnugallar

Allar stærðir

Kr. 7.800

og líka á börn

Kr. 6.900



Inngjafasprautur

Kr. 17.770



Skammtasprautur

Kr. 16.792 3 ml



“Klaufa”
klippur

Kr. 3.120



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Páskamót 2017

Árlegt Páskamót í frjálsum íþróttum verður haldið í íþróttahúsinu á Flúðum laugardaginn 15.apríl og hefst kl. 13.00. Keppt verður í mörgum flokkum að venju og keppnisgreinar eru langstökk án atrennu, hástökk með atrennu, þrístökk án atrennu, kúluvarpi og spretthlaup. Þátttökuskjöl verða veitt keppendum en að auki fá stigahæstu keppendur í kvenna og karlaflokki sérstök verðlaun fyrir besta árangur mótsins.

Skráning er á staðnum. Allir ungir jafnt sem aldnir eru hvattir til að koma og keppa og hafa gaman af. Með von um að sjá sem flesta

Stjórn frjálsíþróttadeildar UMFH

Steinsöggun

Tek að mér steinsöggun í uppsveitum Árnassýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



„Hjónaballsnefndin vill þakka kærlega öllu því stórskemmtilega fólki sem mætti á Hjónaballið þann 4. mars s.l. Einnig viljum við þakka öllum sem aðstoðuðu okkur á einn eða annan hátt. Til gamans þá birtum við hér með gamanvísurnar. Hjónaballsnefndin 2017 þakkar fyrir sig.“

Hjónaballsvísur 2017

Við lifum í Gullhreppnum góða í sátt glæsileg djömmum og syngjum svo dátt. Ráðherra flottum við reddum með stæl og ráðagóð alltaf við erum svo sæl.

Dæmalaust oddvitinn okkar er klár ýmislegt getur og kann upp á há **Mjólkar og gulrætur græjar með sann og gullið hann Steina sinn Halldóra fann.**

Úr áhaldahúsinu heyrðist sú frétt að húsið sem átti að vera svo nett löggunni hefði þótt heldur of breitt á heitavatskerru, en veginn þó greitt.

Mikið fólk auðgast í Auðsholti í dag alsælt þar fólkið allt þekkir sitt fag. **Kartöflur, ferðamenn, fjárbú og stöff furðulegt alveg hvað þau eru töff.**

Í Birtingaholti hann Bogi nú býr bjartsýnn og jákvæður með sínar kýr lla tókst fjölmiðli að finn'onum stað og fjálglega hlaupa þau hjúin um hlað.

Úr réttardeginum rætist oft vel og röggöm við töltum um móa og mel. **Járnaði einn klárinn og Jarpi svo reið og jákvæður klappaði Agnesi um leið.**

Aldeilis kúkurinn kikkaði inn og kvensurnar yfir því fusuðu um sinn. Heldur of frjálstlegt og frekt þótti þeim fólkið er sótti okkur Hrunamenn heim.

Bændurnir kaupa sér tröllvaxin tól traktora og rándýrar ferðir í sól. **Heimur á Claasanum keyrir um völl og kornið hann hirðir af drifhvítri mjöll.**

Í Tungufelli þau tölta um hlöð tigurleg búin og alltaf svo glöð. Eldhress þau kirkjuna kynna með stæl og kotroskin setja svo allt bara á fæl.

Þykja allir Kirkjukórs karlarnir hott keikir þeir skemmta sér aldeilis flott. **kátir og vaggandi velta af stað vitskertir hendast um hóla og hlað.**

Í Stóra Mikladal margt hefur gerst frá mögnuðum bóndanum endalaust berst saga af niðþungu og nýbornu fé og nýttisku hóteli úr steypu og tré

Okkur við skulum nú skemmta í kvöld skunda mót gleði sem taka mun völd. **Stemningu og dunandi dansi að ná og dýrðlegan morgundag einnig svo fá.**

Sigrún Einarsdóttir og Karl Hallgrímsson



Atvinna Íþrótt- og áhaldahús

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf í íþrótt- og áhaldahúsi. Annars vegar er um að ræða 80% starf sem húsvörður í íþróttahúsinu á Flúðum og hins vegar 20% starf í áhaldahúsi. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í ágúst. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknnum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 28. apríl n.k.

Hvatagreiðslur

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6–16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþrótt-, -lista og tómstundaiðkunar skv. reglum Hrunamannahrepps.

Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2017

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu

Hrunamannahrepps, í íþróttahúsinu og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufyræðingur

Sími: 858-3399

grennialand@simnet.is

Umhverfisdagur Hrunamannahrepps Föstudaginn 12. maí.

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Íbúum Flúða og öðrum er frjáls þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrki stjórn ruslamálaráðherra, Sigmundar Brynjólfssonar. Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi. Í lokin er þátttakendum síðan boðið í grillveislu í

Lækjargarðinum á Flúðum

Með vinsemd og virðingu,
Umhverfisnefnd og
Sigmundur Brynjólfsson, Ruslamálaráðherra 2017.

